



Vesturlandsskógar

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2003

Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2003

Apríl 2004

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2003.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Veðurfar	3
Vöxtur og þrif trjágróðurs	3
Fjárveitingar	4
Stjórn Vesturlandsskóga	4
Samningar við bændur	4
Helstu framkvæmdir	5
Gróðursetning til fjölnytjaskóga	5
Skjólbeltarækt	8
Áburðargjöf	10
Jarðvinnsla	10
Kortlagning og áætlanagerð	10
Skráning gróðursetninga	12
Fyrirlestrar og námskeið	12
Fundir og ráðstefnur	12

Viðauki:

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2002.

Inngangur

Að þessu sinni fylgir ársreikningur Vesturlandsskóga ekki með ársskýrslunni, enda ekki von á reikningum fyrr en á síðari hluta ársins.

Árið 2003 var fjórða starfsár Vesturlandsskóga. Á árinu var gert átak í því að koma framkvæmdaskráningu í betra horf. Segja má, að tekist hafi að uppfylla kröfur, sem gerðar verða til okkar vegna kolefnisbókhalds, með því að skrásetja gróðursetningu árána 2002 og 2003 á stafrænt hnitsett form.

Vesturlandsskógar studdu sem áður við bakið á Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV) með því að standa fyrir útgáfu fréttabréfs félagsins. Komu út fjögur tölublöð af fréttabréfinu á árinu 2003.

Starfsmenn verkefnisins, auk Sigvalda, voru: Guðmundur Sigurðsson, sem starfaði allt árið og Sigurður Freyr Guðbrandsson, sem starfaði allt árið, nema hvað hann hóf töku fæðingarorlofs, sem hann ætlar að taka í alls sex mánuði á síðari helmingi ársins 2003 og fyrri helmingi ársins 2004.

Guðmundur Sigurðsson hefur sem fyrr séð um að ganga frá fylgiskjölum bókhalds til skráningar og færa sjóðsbók, en Fjársýsla ríkisins (áður Ríkisbókhald) færir bókhaldið að öðru leyti. Guðmundur hefur einnig séð að mestu um samskipti við bændur og verktaka vegna skjólbeltaræktar og verið ábyrgðarmaður fréttabréfsins. Auk þess hefur hann verið ritari á fundum stjórnar Vesturlandsskóga. Sigurður Freyr hefur haft gerð ræktunaráætlana, sem aðalviðfangsefni.

Skrifstofa Vesturlandsskóga flutti í nýtt húsnæði á Hvanneyri þann 9. apríl, á 40 ára afmæli aprílhretsins fræga, sem sumir kalla Hákonarbyl. Skrifstofuhúsið er stór bygging, þar sem margar stofnanir hafa aðsetur. Hún var svo formlega vígð þann 14. nóvember, að viðstöddum ýmsum stórmönnum, auk þess sem húsið var þá sýnt öllum almenningi. Starfsmenn Bændasamtaka Íslands heimsóttu stofnanir á Hvanneyri svo 21. nóvember.

Veðurfar

Árið 2003 viðraði nokkuð vel til skógræktar. Veturinn frá áramótum var óvenju hlýr og snjóléttur á Vesturlandi. Var jörð klaklaus í fyrri hluta janúar og aftur um miðjan mars. Apríl var sá hlýjasti eða næst hlýjasti frá því mælingar hófust. Í byrjun maí gerði norðanbál með talsverðu frosti og stóð það sex fyrstu daga mánaðarins. Ýmis trjágróður var þá tekinn að lifna og varð af hreti þessu nokkurt tjón. Júní og júlí voru mjög hlýir, en ágúst sá langhlýjasti frá því mælingar hófust. Hitinn í september var einnig yfir meðallagi. Sumarið í heild sinni var hið þriðja hlýjasta í Reykjavík frá því að mælingar hófust fyrir rúmum 130 árum. Úrkoma var einnig yfir meðallagi. Haustið var kaflaskipt eins og oft vill verða. Meðalhiti allra síðustu mánaða ársins var yfir meðaltali árána 1961-1990. Í lok október var hins vegar kuldakafli með talsverðu frosti, sem varla hefur þó skaðað trjágróður, sem fékk óvenju góða tíð allt sumarið og fram til þessa frostakafli.

Árið í heild var hið hlýjasta á vestanverðu landinu frá því mælingar hófust.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður fór misjafnlega illa út úr maíhretinu. Sumar greniplöntur urðu fyrir vorkali, en náðu sér samt flestar aftur á strik síðar um sumarið, þegar sofandi brum lifnuðu. Er vonandi að hin óvenjulegu sumarhlýindi hafi orðið til þess, að þessar plöntur hafi náð að ganga frá endabrumum fyrir veturinn. Eitthvað drapst samt alveg af ungum greniplöntum. Margar lerkiplöntur kól líka, og var mikið af lerkinu brúnt fram eftir sumri. Síðsumars tóku margar þessara lerkiplantna út bærilegan síðvöxt. Eitthvað af lerkinu fórst endanlega, en ekki virðast hafa verið veruleg brögð að því. Stafafura lét yfirleitt ekki á sjá í hretinu og var venju fremur falleg. Sumir asparklónar urðu fyrir vorkali, en árir

sluppu alveg. Yfirleitt var vorkalið ekki verra en svo, að sum brumanna reyndust heil og asparplöntur litu yfirleitt vel út í sumarlok og náðu óvenjugóðum hæðarvexti. Birkið slapp tiltölulega vel við hretið, en mikið bar á maðki.

Fjárveitingar

Landbúnaðarráðuneytið gerði tillögu til alþingis um, að fjárveitingar til Vesturlandsskóga yrðu 52,9 milljónir króna eða tæplega 14 milljónum krónum hærrí upphæð en árið áður, séu fjárframlög á fjáráukalögum fyrir árið 2002 meðtalin fyrir það ár. Samanborið við upphæðina, sem ætluð var til verkefnisins á árinu 2004 skv. þingsályktun, sem alþingi samþykkti vorið 2003 (fyrir kosningar) voru þetta nokkur vonbrigði, enda í þeirri tillögu gert ráð fyrir 59 milljónum króna til Vesturlandsskóga. Þótt þarna muni einungis liðlega einni milljón króna voru það vonbrigði, að alþingi skyldi ekki hækka framlagið uppí þá upphæð, sem það sjálf hafði áður ákveðið. Engu að síður var þetta mikil bót frá árinu áður. Skv. fyrrgreindri þingsályktun verða fjárveitingar til Vesturlandsskóga komnar í 87 milljónir króna árið 2008, eða í tæplega 2/3 af heildarstærð verkefnisins miðað við þann ramma, sem því er settur í lögum, um heildargróðursetningu á starfstíma sínum (40 árum).


Stjórn Vesturlandsskóga

Stjórn Vesturlandsskóga hélt fjóra fundi á árinu 2003. Skipan hennar var óbreytt frá fyrra ári: Formaður Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins; Hulda Guðmundsdóttir, tilnefnd af Félagi skógarbænda á Vesturlandi og Trausti Tryggvason, tilnefndur af skógræktarfélagnum á Vesturlandi. Gert er ráð fyrir að skipa nýja stjórn ellegar endurnýja umboð hinnar sitjandi í upphafi ársins 2004.

Samningar við bændur

Mishermt var í síðustu ársskýrslu, að lokið hefði verið við gerð 53 samninga við bændur um fjölnytjaskógrækt á árinu 2002. Hið rétta er, að þeir voru 45, en einum hafði verið lokið á árinu 2001. Á sl. ári bættust svo við 25 þinglýstir samningar. Höfðu því um síðustu áramót samtals verið gerðir samningar við 71 bónda.

Í árslok höfðu verið gerðir skjólbeltasamningar við 102 bændur á Vesturlandi, þ.a. 6 á árinu 2003.



Helstu framkvæmdir:


Gróðursetning til fjölnytjaskóga

Á árinu 2003 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga u.þ.b. 553.000 plöntur. Þetta er aðeins 10% aukning milli ára, sem er lítið miðað við það að fjárveitingar jukust verulega milli ára. Til stóð að gróðursetja mun meira, en talsvert af greni skemmdist í vorfrostunum og því fór sem fór. Á móti kemur að mikil aukning varð í skjólbeltarékt, svo sem fram kemur hér á eftir. Vegna hinna sérstöku aðstæðna var verið að gróðursetja langt fram í júlí. Því var ekki skilið milli haustgróðursetningar og vorgróðursetningar í Töflu I. Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga greindust þannig milli tegunda:

Sitkabastarður:	81.900
Sitkagreni:	78.515
Stafafura:	183.600
Rússalerki:	107.953
Ilmbjörk:	42.924
Hengibjörk:	19.730
Alaskaösp:	25.674
Hreggstaðavíðir:	5.040
Blágreni:	5.000
Hvítgreni:	2.600

Mynd 1.

Hlutfall gróðursettra tegunda í Vesturlandsskógum 2000-2003



Sveiflur eru talsverðar milli ára í tegundasamsetningu. Við höfum að reynt að stilla framboðið af miðað við þarfirnar. Erfitt er að segja fyrir um, hver þróunin verður m.t.t. tegundavals. Höfum fyrstu fjögur starfsárin gróðursett u.þ.b. jafn mikið af plöntum þeirra tegunda, sem hæfa frjósömu landi og þeirra sem henta í rýrlendi.

TAFLA I

Gróðursetning 2003:

	SF	RL	SG-35	SG-40	SB-35	SB-40	IB	HB	AÖ-35	AÖ-stíkl	Hregg	BG	HG	Samtals
Álfatraðir	2360	1200					2480			1050				7090
Ásgarður	2000	3280												5280
Ás						1520			1024		315			2859
Belgsholt			7700					1000	1408					10108
Birkihlíð	3000	1000					1000							5000
Brekkukot		2000												2000
Brenna	3160	3150		2240		2535	280							11365
Einifell		2040					2000							4040
Erpsstaðir			1330		1470			800		300				3900
Ferstikla	15000	16000	2800	2640			4720	1360			3010	2200		47730
Fljótstunga	1600					400	240							2240
Grímsstaðir		1165		6080	420		750		1131		800			10346
Gróf	1000	3000					400							4400
Grund	400					1000								1400
Hafnarsel	2000	2100		5000			2000							11100
Hamar	160	400		400	350		400							1710
Hróðnýjarstaðir	2000	1000					400							3400
Hrútsstaðir	8000	3000					600	1400						13000
Hurðarbak				600										600
Hvanneyri	240		560			400	590							1790
Hæll	18200	9620					4080							31900
Innra-Leiti	2000	1000			1995		400	600	928					6923
Jörvi	5280	2000				2400	600							10280
Kalastaðakot	3000	800	805				600	600						5805
Kalastaðir		500			1995		2000		320					4815
Klettur					840	1240			480					2560
Krókur	9000	9010		200										18210
Litli-Kroppur	6000	6000					1000							13000
Litla-Fellsöxl	1000		2485						1440					4925
Ljarkot	5040		1050		13650		1050	2280		4935				28005
Lundur	680	160					160							1000
Magnússkógar	2600					2000	384				70			5054
Möðruvellir		3360				2880								6240
Oddsstaðir	1000	1720	420	1840			1000							5980
Ormsstaðir	3000	3000					1000							7000
Rauðkollsstaðir			3920	800	1400						1540			7660
Rauðsgil	1000	1000					520							2520
Runnar	1760	1240					1120							4120
Saurstaðir						5040								5040
Skógarsel	2000	1930					840	1000						5770
Stardalur			7000		1995	4000		2050	704	600				16349
Steindórsstaðir		1000												1000
Suður-Bár	2000									105	2000			4105
Svarfhóll	10000	6000			6720		2000	1160	896					26776

	SF	RL	SG-35	SG-40	SB-35	SB-40	IB	HB	AÖ-35	AÖ-stíkl	Hregg	BG	HG	Samtals
Svelgsá						2450				700				3150
Tungufell	62560	5898		14000	11445	12040	6310	4860		6000			2600	125713
Vatn	1400	400												1800
Vilmundarstaðir	160	6940								2050				9150
Vígholtsstaðir	1000		5005	8000			800	1600	608	1100				18113
Vörðufell	2000	3040				175	840	2000						8055
Ytri-Skeljabrekka	2000	4000	3640			700		1200	1020					12560
Samtals	183600	107953	36715	41800	45605	36295	42924	19730	8508	17166	5040	5000	2600	552936

Aðeins liðlega 10% plantna voru gróðursettar síðsumars eða að haustinu, þ.e. á tímabilinu ágúst-október. Róa þarf að því öllum árum að fá bændur til að líta til haustsins sem gróðursetningartíma. Kemur þar margt til: Svo framarlega sem gerðar eru ráðstafanir til að fyrirbyggja frostlyftingu, þar sem á annað borð er hætta á henni, er árangur af haustgróðursetningu yfirleitt ekki síðri en af vorgróðursetningu. Þótt snemma hafi vorað undanfarin ár, hefur gengið erfiðlega að koma út öllum plöntum, sem ætlaðar eru til vorgróðursetningar tímanlega, þ.e. fyrir lok júní og helst fyrir Jónsmessu. Þessu hlýtur að valda tímaskortur að vorinu og því ættu þeir, sem eiga við þetta vandamál að stríða að skoða málið vel og athuga hvort betur standi á fyrir þeim að haustinu. Fyrirtæki á Hvanneyri hefur tekið að sér gróðursetningu hjá bændum. Þörfin fyrir slíka verktöku er nógu mikil til þess, að rúm væri fyrir fleiri verktaka.

Í bígerð er rannsóknaverkefni í umsjón þeirra Friðriks Aspelund, skógfræðings og kennara við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Hrefnu Jóhannesdóttur, skógfræðings og starfsmanns Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá, þar sem kannað verður hvort hentugt geti verið að gróðursetja snemmsánar plöntur af ilmbjörk og lerki strax á sáningarárinu, og þá á tímabilinu frá Jónsmessu og fram í septemberlok. Reynist þetta gerlegt mætti slá tvær flugur í einu höggi: Framleiða ódýrari plöntur (m.a. sleppa menn við vetrarafföll í gróðrarstöð) og lengja gróðursetningartímann verulega og hugsanlega teygja hann yfir allt sumarið, NB. að því gefnu að notaðar séu plöntur sérstaklega framleiddar til þess arna. Það skal tekið fram, að nokkur ár tekur að fá svör við umræddum rannsóknasurningum. T.d. virðist lífsskeið ranabjöllu frá eggi til fullskapaðrar bjöllu með þeim hætti, að júlímánuður gæti eftir sem áður orðið óhagstæður til gróðursetningar vegna rötarnags ranabjöllulirfa.

Skjólbeltarækt

Áhugi á skjólbeltarækt fer vaxandi. Tvöfalt lengri skjólbelti voru lögð árið 2003 en árið 2002. Tókst yfirleitt betur til en árið 2002, enda ekki jafn þurrk vor og þá var, en jafnvel ennþá hlýrra. Alls voru lagðir tæplega 50 km af plastdúk árið 2003, svo sem fram kemur í töflu II. Þriðja plastlagningarvélín var tekin í notkun á árinu. Er hún í eigu Svans Guðmundssonar í Dalsmynni í Eyja- og Miklaholtshreppi. Hinar tvær eru gerðar út af Magnúsi Þór Eggertssyni í Ásgarði í Reykholtssdal og Guðbirni Guðmundssyni í Magnússkógum í Hvammssveit. Auk þeirra plantna, sem um er getið í töflunni hér á eftir, fór nokkuð af gullregni í skjólbelti. Þetta voru 50 plöntur í Ásgarði og 40 plöntur á Litla-Kroppi. Gullregn gæti orðið kærkomin viðbót við þá flóru sem þegar er völ á í skjólbelti og verður forvitnilegt að fylgjast með afdrifum þessara plantna.

Tafla II Skjólbelti sett á vegum Vesturlandsskóga vorið 2003.

Stiklingar 2003									Bakkaplöntur ###						Plast m		
	AV	Oddur/AÖ	Viðja	JV	JV	JV	JV	HV	Selja		Yllir	HB	IB	HV		Ösp	SB
	Brúnn	Dröfn	Taða	Kólga	Katla	Sandi											
Ás														70			
Ásgarður	1000	800								168						3188	
Belgsholt	300															1148	
Brúarreykir		250	350										105	96		1430	
Bær í Dölum										210				52		200	
Deildartunga		25													120	0	
Foss	350	180				475										1763	
Geirshlíð													105			0	
Geldingaá														35		0	
Hvanneyri		100											735	96		1412	
Innra Leiti	500		150		150	50	275	250								1300	
Jörvi														315		350	
Kaldárbakki	150			250	175	475		1500						70		2600	
Laxárholt	1850	1104				320	590									5060	
Leirá						150									72	400	
Leysingjastaðir	500															60	
Litli-Kroppur	1000	600														2304	
Lundur	400	160											140			1192	
Lækjarbugur	500	100												16		750	
Magnússkógar		50	393										140			963	
Moskógar	1967															875	
Mýrar		25			25	30	25									600	
Neðri-Hundadalur	574	87												245		574	
Rauðkollsstaðir	1100	175	100						320	1000			1540	384		7100	
Runnar		200		485						192						2711	
Skarð														175	128	0	
Skipanes														210	78	400	
Sogn															416	105	
Spágilsstaðir	100						275					40			40	332	
Staðarhóll	370	240														948	
Steindórsstaðir	140	70														276	
Stóri Kroppur		175						425							256	1343	
Suður-Bár	400			150				200						175		830	
Svarfhóll í Dölum														630		250	
Söðulsholt	1247	250	800	275								250				2300	
Tungufell	1000	200	500													1800	
Vatnshamrar	400	80													125	753	
Vilmundarstaðir	415															969	
Vígholtsstaðir	628	125	132			50		50								400	
Vörðufell	700		150		150			250	250							1600	
Ölkelda	750	300														1472	
Samtals:	16341	400	5421	1700	1510	550	1500	2090	2125	320	360	1210	290	4690	1594	265	49653

Samtals plöntur og stiklingar í skjólbelti: 40366

- * Alaskavíðir
- ** Jörvavíðir
- *** Hreggsstaðavíðir

Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notað “blákorn” frá Áburðarverksmiðjunni. Voru menn hvattir til að dreifa 10g kringum hverja plöntu - þó ekki þar sem handflekki var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum. Þar sem plöntur geta þurft að bíða gróðursetningar á annan mánuð, frá því að þær koma á dreifingarstöð, er brýnt að þær fái næringu á meðan. Þar sem úrkoma er afar mismikil frá ári til árs, er auðveldara að stjórna næringarframboði bakkaplantna, sem bíða gróðursetningar utanhúss, með kornuðum áburði heldur en með því að vökva með áburðarlausn. Oftast er einhver afgangur af kornunum, þegar plönturnar eru gróðursettar. Kornin líma sig lauslega á ytra borð plantna og rótartappa og berast því með plöntunum út á foldina. Þetta kemur sér vel, þegar gróðursett er án eftirfarandi áburðargjafar, svo sem í handflekkið frjósamt land. Bændur hafa verið sérstaklega varaðir við að setja grömmun 10 í eina hrúgu upp við stofn plöntunnar, enda getur slíkur viðurgjörningur hæglega orðið bestu plöntum að aldurtíla.

Jarðvinnsla

Vélflekkjarinn undirbjó 124 ha lands fyrir gróðursetningu á næsta vori á 14 jörðum. Gekk verkið vel, ef undan er skilinn einn staður í Dölunum, þar sem dráttarvélin sökkti illa í drullu á hálfgerðum mel. Hægt var að vinna að flekkjun fram í desember, svo var haustið milt. Hins vegar var það nokkuð votviðrasamt með fyrrgreindum afleiðingum. Til stendur að flekkja fyrir gróðursetningu á viðkomandi jörð í Dölunum og sennilega tveimur til viðbótar næsta vor (2004). Við brýnum bændur annars til að láta flekkja land hjá sér á haustin með þessu áhaldi. Ýmislegt vinnst með því að nota haustið: Ekki er hægt að vinna landið að vorinu, fyrr en í þann mund þegar hæfilegt væri að hefja gróðursetningu. Þá eru fuglar sestir á hreiður og óhjákvæmilegt að mörg þeirra fari forgörðum. Rýmri tími gefst oftast að haustinu, einkum seinni árin, þegar frost kemur ekki varanlega í jörð fyrr en í nóvember eða síðar. Jörð þiðnar líka fyrr í flekkjunum en á grónu landi. Þess vegna má hefja gróðursetningu sem því nemur fyrr en ella að vorinu, sé flekkjað á undangengnu hausti.

Kortlagning og áætlanagerð

Á árinu 2003 var öll gerð ræktunaráætlana komin í hendur starfsmanna Vesturlandsskóga. Í öllum tilvikum var unnið á grunni uppréttra stafrænna loftmynda. Var lokið gerð ræktunaráætlana fyrir eftirtaldar jarðir árið 2003:

Arnheiðarstaði í Hálsasveit
Blönduhlíð í Hörðudal
Brúarreyki í Stafholtstungum
Bæ í Kjós
Dalsmynni í Eyja- og Miklaholtshreppi
Einholt í Borgarbyggð
Einifell í Stafholtstungum, viðbót
Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd, viðbót
Fossatún í Bæjarsveit
Geirshlíð í Hörðudal
Hafnarsel í Leirár- og Melasveit
Háafell í Miðdölum
Höfn í Leirár- og Melasveit

Innra-Leiti á Skógarströnd
Jafnaskarð í Borgarbyggð
Jörva í Haukadal
Kleifar í Saurbæjarhreppi
Kollslæk í Hálsasveit
Ljárnkot í Laxárdal
Lund í Þverárhlið
Magnússkóga í Hvammssveit
Möðruvelli I í Kjós
Rauðkollsstaði í Eyja- og Miklaholtshreppi
Rauðsgil í Hálsasveit
Runna í Reykholtssdal
Sigmundarstaði í Hálsasveit
Stardal á Kjalarnesi
Suður – Bár í Grundarfirði
Svarfhól í Svínadal
Svarfhól í Miðdölum
Svínhól í Miðdölum
Söðulsholt í Eyja- og Miklaholtshreppi
Vatn í Haukadal
Vörðufell á Skógarströnd

Að auki voru kort fyrir eftirtaldar jarðir, sem áður höfðu verið kortlagðar á hefðbundnar loftmyndir, endurnýjuð á grundvelli uppréttra loftmynda:

Álfatraðir og Gautastaði í Hörðudal
Ás í Laxárdal
Erpsstaði í Miðdölum
Grímsstaði í Borgarbyggð
Hróðnýjarstaði í Laxárdal
Hrútsstaði í Laxárdal
Hvanneyri í Andakíl
Krók í Norðurárdal
Oddsstaði I og II í Lundareykjadal
Saurstaði í Haukadal
Signýjarstaði í Hálsasveit
Skógarsel í Hálsasveit
Steindórsstaði í Reykholtssdal
Stóra-Ás í Hálsasveit
Sveinatungu í Norðurárdal
Syðstu-Fossa í Andakíl
Vatnshamra í Andakíl
Vilmundarstaði í Reykjoltssdal
Vígholtsstaði í Laxárdal
Ytri-Skeljabrekku í Andakíl

Skráning gróðursetninga

Á árinu voru allar gróðursetningar frá árunum 2002 og 2003 færðar inná uppréttar stafrænar loftmyndir. Þar með hafa verið uppfyllt mikilvæg skilyrði til að gróðursetningar bænda í samstarfi við Vesturlandsskóga verði gjaldgengar til kolefnisbókhalds. Voru kortin/loftmyndirnar sendar Rannsóknastöð skógræktar, sem sér kolefnisbókhaldið fyrir Íslands hönd. Starfsmenn Rannsóknastöðvarinnar, þeir Bjarki Þór Kjartansson og Arnór Snorrason leiðbeindu starfsmönnum Vesturlandsskóga við þetta verk, sem verður í framtíðinni unnið árlega fyrir gróðursetningar sama árs.

Fyrirlestrar og námskeið

Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi Vesturlandsskóga fyrir félögum Lionsklúbbsins í Borgarnesi. Allir þrjú starfsmenn Vesturlandsskóga sóttu aðalfund Félags skógarbænda á Vesturlandi, sem haldinn var í Hreðavatnsskála 26. apríl og greindi framkvæmdastjóri þar frá starfsemi Vesturlandsskóga undangengið ár. Framkvæmdastjóri mætti á fund um aðalskipulag Hvítársíðuhrepps í Brúarási 23. júní og kynnti þar starfsemi Vesturlandsskóga með sérstakri áherslu á tengslin við skipulagsmálin. 17. september kynnti framkvæmdastjóri Vesturlandsskóga fyrir Rótarý – félögum á Akranesi. Vesturlandsskógar héldu á árinu fimm námskeið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri (LBH) og Skógrækt ríkisins. Námskeiðin eru hluti af námskeiðaröð, sem þessar stofnanir standa að í samvinnu. Þetta voru: “Beta Bú”, námskeið sem Landgræðsla ríkisins hefur þróað og miðar að því að fá bændur og aðra landeigendur til að glöggva sig á því, hvaða landnotkun gæti hentað best á hinum ýmsu hlutum jarða þeirra. Námskeið þetta var haldið dagana 25. mars og 8. apríl; “Trjátegundir”, 31. mars - 1. apríl, þar sem leiðbeinandi var Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá; “Skjólbeltanámskeið”, fyrir byrjendur í skjólbeltarækt, haldið 25. apríl og 16. maí; “Upphaf skógræktar”, 10.-11. júní, sem ætlað er öllum byrjendum í fjölnytjaskógrækt; og “Matsveppir”, 18. og 19. ágúst, þar sem Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir var leiðbeinandi. Á þeim námskeiðanna, sem leiðbeinandi er ekki getið sérstaklega sáu starfsmenn Vesturlandsskóga og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um kennsluna. Auk þess var skógabændum boðin þátttaka í rafgirðinganámskeiði á vegum Bútækndeildar RALA á Hvanneyri, en það er jafnframt eitt þeirra námskeiða, sem tilheyra áðurnefndri námskeiðaröð. Námskeiðin voru flest vel sótt og ágætlega heppnuð. Nokkuð hefur verið rætt um, hvort rétt sé að skylda skógarbændur til að sækja einhvern lágmarksfjölda af námskeiðum. Stjórn Vesturlandsskóga ákvað, að eftirleiðis skyldi setja ákvæði þar að lútandi inni samninga um fjölnytjaskóga. Guðmundur Sigurðsson sótti námskeið í notkun ArcView (forrit til að höndla með landfræðilegar upplýsingar) á RALA í lok októbermánaðar. Leiðbeinandi var Bjarki Þór Kjartansson, starfsmaður Rannsóknstöðvar skógræktar að Mógilsá.

Fundir, ráðstefnur ofl.

Starfsmenn Vesturlandsskóga sóttu ráðunautafund í Reykjavík dagana 5. og 6. febrúar. Þann 14. febrúar var haldinn samráðfundur skógræktarverkefnanna í Borgartúni í Reykjavík. Þangað mættu bæði stjórn og starfsmenn Vesturlandsskóga. Dagana 24. –26. febrúar sóttu starfsmenn einnig ráðstefnuna “Landsýn” á Kirkjubæjarklaustri, sem Suðurlandsskógar, Landgræðslan og Skógrækt ríkisins héldu, þar sem aðalumfjöllunarefnið var skógrækt og skipulagsmál. Sigurður Freyr Guðbrandsson sótti fund austur á Egilsstöðum, þar sem fjallað var um “Grænsíðu”, forrit til framkvæmdaskráningar ofl. Þann 26. mars var haldið seminar á Mógilsá, sem framkvæmdastjóri sótti. Um miðjan júní voru Vesturlandsskógar með kynningu í íþróttahöllinni í Borgarnesi. 4. apríl voru

starfsmenn Vesturlandsskóga slegnir út úr spurningakeppni á vegum UMSB í Félagsheimilinu Brún, þrátt fyrir frækilega frammistöðu og tilstyrk Þórunnar Pétursdóttur, héraðsfulltrúa Landgræðslunnar á Vesturlandi og Vestfjörðum. Sumarstefna starfsmanna skógræktarverkefnanna var að þessu sinni haldin í umsjá Vesturlandsskóga í lok júlímánaðar og fór vel fram í hvívetna. 8. ágúst sótti framkvæmdastjóri ráðstefnu um CO₂ - bindingu í Reykjavík. Dagana 5.-6. september sóttu framkvæmdastjóri og formaður stjórnar Vesturlandsskóga aðalfund Landssamtaka Skógareigenda austur í Fljótshlíð. Þar var að sjálfsögðu einnig Hulda Guðmundsdóttir, formaður Félags skógarbænda á Vesturlandi og fulltrúi þeirra í stjórn Vesturlandsskóga. Dagana 29. september til 5. október dvaldi framkvæmdastjóri á Írlandi ásamt tæplega fimmtíu öðrum skógræktarmönnum og kynnti sér skógrækt þarlandra. 6. nóvember sótti framkvæmdastjóri haustfund stjórnar Landssamtaka Skógareigenda í Reykjavík, ásamt framkvæmdastjórum annarra landshlutaverkefna.

Gert í apríl 2004,

S.Á.